

1 Markmið og umfang

Markmið verklagsreglunnar er að tryggja að gæðastjórnunarkerfi hönnuða og hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara fullnægi ætíð kröfum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) og jafnframt að samræmi sé í framkvæmd við skoðun faggiltra skoðunarstofa eða vottunarstofa á gæðastjórnunarkerfunum.

Verklagsregla þessi gildir um allar skoðanir á gæðastjórnunarkerfum hönnuða og hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara, sem kveðið er á um í byggingarreglugerð og framkvæmdar eru af faggiltum skoðunarstofum eða vottunarstofum, vegna úttektar og samþykktar HMS á gerð og virkni gæðastjórnunarkerfanna skv. 5. mgr. 17. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki.

Ef fyrirtæki er með vottað gæðastjórnunarkerfi skv. ÍST EN ISO 9001:2015, er ekki þörf á skjalaskoðun, þar sem gæðastjórnunarkerfið er vottað af faggiltri vottunarstofu. Gæðastjórnunarkerfið fær því sjálfkrafa skráningu hjá HMS þegar sótt er um.

Tilgangur skoðunar á gæðastjórnunarkerfi er að kanna:

- Hvort viðkomandi gæðastjórnunarkerfi sé í samræmi við lög og reglugerðir.
- Hvort gæðastjórnunarkerfi í rekstri sé í virkni hvað varðar fyrirmæli, skjalavistun, verkskráningu og eftirlit með eigin verkum í samræmi við lög og reglugerðir.

2 Almennt

Hönnuðir og hönnunarstjórar, byggingarstjórar og iðnmeistarar skulu hafa samþykkt gæðastjórnunarkerfi sem uppfyllir þær kröfur sem fram koma í byggingarreglugerð. Þessum aðilum ber að tilkynna HMS um gæðastjórnunarkerfi sitt til skráningar í gagnasafn HMS, sbr. málsl. 5, 1. mgr. 13. gr., 2. mgr. 24. gr. og 7. mgr. 32. gr. laga um mannvirki.

Skráning gæðastjórnunarkerfa í gagnasafn HMS og öll stjórnslásla sem lýtur að skoðun gæðastjórnunarkerfanna er á hendi HMS.

Í leiðbeiningu **9.061** (*Leiðbeining um hæfi faggiltra skoðunarstofa og vottunarstofa sem framkvæma skoðanir á gæðastjórnunarkerfum fagaðila*) er fjallað um hæfi faggiltra skoðunarstofa og vottunarstofa, sem tilkynnt hafa HMS um áform sín til að annast skoðanir á gerð og virkni gæðastjórnunarkerfa hönnuða, hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara.

HMS birtir á heimasíðu sinni lista yfir þær skoðunarstofur og vottunarstofur sem annast framangreindar skoðanir og hafa tilkynnt HMS um faggildingu og hæfi úttektarmanna sinna.

Í 5. mgr. 17. gr. laga um mannvirki kemur eftirfarandi fram:

„Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur eftirlit með störfum löggiltra hönnuða, löggiltra iðnmeistara og byggingarstjóra, m.a. með úttektum á gæðastjórnunarkerfum þeirra. Eftirlit með gæðastjórnunarkerfum löggiltra hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara

skal fara fram á minnst fimm ára fresti, auk þess sem heimilt er að framkvæma aukið og/eða tíðara eftirlit ef ítrekað koma fram aðfinnslur við störf þeirra. Við framkvæmd eftirlits, sem og við umsókn um starfsleyfi eða endurnýjun þess, skulu eftirlitsskyldir aðilar afla og leggja fram úttektarskýrslu um gerð eða virkni gæðastjórnunarkerfis frá faggiltri skoðunarstofu eða vottunarstofu. Komi í ljós við eftirlit að gæðastjórnunarkerfi uppfylli ekki ákvæði laga þessara eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim skal gefa eftirlitsskyldum aðila kost á að bæta úr því nema um alvarlegt brot sé að ræða. Um alvarleg og ítrekuð brot fer samkvæmt ákvæðum 57. gr. Heimilt er að kveða nánar á um tilhögun eftirlits í reglugerð.“

3 Umsókn um skráningu gæðastjórnunarkerfis

Fagaðili sækir um skráningu gæðastjórnunarkerfis hjá HMS þegar hann telur kerfið fullnægja kröfum laga um mannvirki, byggingarreglugerðar og viðeigandi leiðbeiningum HMS um gæðastjórnunarkerfi. Sótt er um skráningu gæðastjórnunarkerfa rafrænt á „Mínum síðum“ á vef HMS eða á umsóknareyðublaði 9.022.

Þegar umsókn um skráningu gæðastjórnunarkerfis hefur verið tekin til meðferðar, getur fagaðili óskað eftir skjalaskoðun hjá faggiltri skoðunarstofu eða vottunarstofu.

Standist gæðastjórnunarkerfið skjalaskoðunina mun HMS skrá það í gagnasafn stofnunarinnar.

Innan 6 -12 mánaða frá skráningu gæðastjórnunarkerfis og skjalaskoðun skal fara fram skoðun á virkni gæðastjórnunarkerfisins.

4 Framkvæmd skjala- og virkniskoðana

4.1 Hlutverk úttektarmanns

Hlutverk úttektarmanns skoðunarstofu eða vottunarstofu við framkvæmd skoðana er að kanna hvort gæðastjórnunarkerfi uppfylli viðeigandi ákvæði laga og reglugerða sbr. nánari ákvæði skoðunarhandbókar gæðastjórnunarkerfa hönnuða, hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara nr. 9.001-1, 9.001-2 og 9.001-3.

4.2 Almennt um skoðun

Skoðanir skiptast í tvo meginflokka, skjalaskoðun og virkniskoðun, og eru framkvæmdar af faggildum skoðunarstofum eða vottunarstofum.

Skjalaskoðun á gæðastjórnunarkerfum annars vegar og hins vegar **virkniskoðun** á gæðastjórnunarkerfum í rekstri í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og lög um mannvirki. Virkniskoðun á gæðastjórnunarkerfum hönnuða og hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara er fólgin í skoðun á verkskráningu, skjalavistun og úttektum á eigin verkum.

4.3 Fagaðilar sem skráðir eru með gæðastjórnunarkerfi hjá HMS

Tilkynning um virkniskoðun

Ef um er að ræða fagaðila sem hefur verið skráður á gæðastjórnunarkerfi lengur en **5 ár** sendir fulltrúi á sviði Öryggi mannvirkja tilkynningu til skráðs aðila um að tímamörk til virkniskoðunar séu runnin út. Í tilkynningunni kemur fram að tímamörk til að skila skoðunarskýrslu úr virkniskoðun séu **30 dagar**.

Í kjölfarið sækir hann um virkniskoðun á gæðastjórnunarkerfi sínu hjá faggiltri skoðunarstofu eða vottunarstofu.

Ítrekun um virkniskoðun

[Ef tímamörk eru ekki virt um virkniskoðun sendir HMS ítrekun um virkniskoðun í tölvupósti til viðkomandi fagaðila. Þá eru gefnir 15 dagar til viðbótar til að skila inn virkniskoðun, að þeim tíma liðnum skal afskrá gæðastjórnunarkerfið af listum HMS og tilkynning um afskráningu á gæðastjórnunarkerfi send í ábyrgðarpósti til skráðs fagaðila.]

Óvirkni fagaðila og tími á virkniskoðun

[Almennt er miðað við að byggingarleyfisskyld verk séu ekki eldri en 5 ára þegar virkniskoðun er framkvæmd innan gæðastjórnunarkerfis. Það er í samræmi við 5 ára tímafrest á virkniskoðunum fagaðila.]

[Óvirkni þýðir að fagaðili hefur ekki tekið ábyrgð á byggingarleyfisskyldri framkvæmd síðustu 5 ár og getur HMS staðfest m.a. með uppflettingum í mannvirkjaskrá eða upplýsingum frá byggingarfulltrúa að hann hafi ekki verið skráður á byggingarleyfi á þeim tíma.]

4.4 Fagaðilar sem óska eftir skráningu á gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis

Afnót fagaðila á gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis:

Ef fagaðilar sem vinna hjá fyrirtæki og hafa heimild til þess að nota gæðastjórnunarkerfi þess og óska eftir að fá það nýskráð hjá HMS, þarf einungis að skoða kerfið einu sinni. Ekki er þörf á frekari skjalaskoðun á kerfinu, óski fleiri fagaðilar (starfsmenn fyrirtækisins) eftir því að vera skráðir á það. Í framhaldi af skráningu undir kerfi fyrirtækis, þarf fagaðili að fara í virkniskoðun innan **6-12 mánaða** frá skráningu kerfis. Innan tímafrestsins sendir fulltrúi á sviði Öryggi mannvirkja ábendingu til skráðs fagaðila um virkniskoðun.

Afnót fagaðila á ISO vottuðu gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis

Ef um er að ræða fagaðila sem sækir um skráningu á ISO vottað gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis og hefur heimild til þess að nota gæðastjórnunarkerfi þess, er ekki gerð krafa um skjalaskoðun og mun því viðkomandi fagaðili verða skráður fyrir gæðastjórnunarkerfi á vef HMS. Í framhaldi af skráningu kerfis, þarf fagaðili að fara í virkniskoðun innan **6-12**

mánaða frá skráningu þess á vef HMS. Innan tímafrestsins sendir fulltrúi á sviði Öryggi mannvirkja ábendingu til skráðs fagaðila um virkniskoðun.

4.5 Endurnýjun starfsleyfa byggingarstjóra – virkniskoðun:

Við umsókn um endurnýjun á starfsleyfi byggingarstjóra skal viðkomandi fagaðili skila inn [...] virkniskoðunarskýrslu frá faggiltri skoðunarstofu eða vottunarstofu.

Tímamörk til að skila skoðunarskýrslu úr virkniskoðun er **30 dagar**, að öðrum kosti verður starfsleyfi ekki endurnýjað.

Ef fagaðili fær tilkynningu um virkniskoðun og í ljós kemur að engin virkni er til staðar, skal skoðunarstofa eða eftir tilfellum fulltrúi HMS benda viðkomandi á, að hann geti annaðhvort [látið afskrá] gæðastjórnunarkerfi sitt [eða sent skriflega staðfestingu til HMS um óvirkni, sem þá staðfestir að viðkomandi hafi verið óvirkur s.l. 5 ár eða síðan viðkomandi fékk skráð á sig virkt gæðastjórnunarkerfi] og farið aftur í virkniskoðun innan 6-12 mánaða. Ef niðurstaða [þeirrar] virkniskoðunar sýnir enga virkni verður kerfið afskráð.

4.6 Gögn við skoðun

Við skjala- og virkniskoðun á gæðastjórnunarkerfi skal úttektarmaður hafa aðgang að öllum gögnum kerfisins.

Þegar fagaðilar eru með fleiri en ein réttindi, t.d. sem hönnuður, byggingarstjóri og/eða iðnmeistari, skal úttekt faggiltrar skoðunarstofu eða vottunarstofu taka mið af því að gögn um störf þessara mismunandi fagstétta verði aðgreind og þau skoðuð með hliðsjón af því.

Bent skal á að ef fagaðili er með tvenn eða fleiri réttindi á sama tíma, getur fagaðili óskað eftir því við faggilta skoðunarstofu eða vottunarstofu að öll réttindi verði tekin út í sömu skoðun.

Tekið skal fram að skila þarf til HMS skoðunarskýrslu fyrir hver réttindi fyrir sig þó svo um sama fagaðila sé að ræða.

Þetta á einnig við um fyrirtæki með marga fagaðila sem starfa undir skráðu gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis, þar sem taka þarf út virkni og skráningu allra starfsmanna fyrirtækisins sem nota gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins.

4.7 Viðstaddir skoðun

Við skjalaskoðun gæðastjórnunarkerfis, sem getur farið fram með rafrænum hætti, er ekki nauðsynlegt að úttektarþoli eða umsjónarmaður/tengiliður kerfis sé viðstaddur.

Við virkniskoðun gæðastjórnunarkerfis, sem getur farið fram með rafrænum hætti, skulu úttektarþoli auk úttektarmanns vera viðstaddir. Ef úttektarþoli nýtir gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis er umsjónarmanni/tengilið kerfis heimilt að vera viðstaddur.

4.8 Skoðunarskýrsla

Úttektarmaður skal við hverja skjala- og/eða virkniskoðun starfa í samræmi við skoðunarhandbækur nr. 9.001-1, 9.001-2 og 9.001-3. Úttektarmaður skal að skoðun

lokinni afhenda úttektarþola skoðunarinnar útfyllta skoðunarskýrslu, nr. 9.002, 9.003 og 9.004 og senda til HMS á netfangið oryggi@hms.is.

4.9 Ágreiningur um skoðunarhandbók og tilhögun eftirlits

Komi upp ágreiningur um túlkun skoðunarhandbókar og/eða um tilhögun eftirlits á grundvelli hennar skal leita álits HMS.

5 Vægi athugasemda vegna skoðunar gæðastjórnunarkerfa

Hönnuðir, hönnunarstjórar, byggingarstjórar og iðnmeistarar þurfa að kunna skil á hvaða vægi hinar ýmsu athugasemdir, sem gerðar eru við úttektir á gæðastjórnunarkerfum þeirra, hafa og hvernig þær eru flokkaðar.

Flokkun athugasemda er sem hér segir:

1. flokkur:

Ábending/athugasemd um galla ef gæðastjórnunarkerfi er áfátt en þó ekki á því stigi að þær falli undir 2. og 3. flokk.

2. flokkur:

Gæðastjórnunarkerfi er ekki samkvæmt settum reglum en ágallar þó ekki verulegir.

3. flokkur:

Verulegir ágallar eru á gæðastjórnunarkerfi. Ekki er hægt að staðfesta gerð eða virkni gæðastjórnunarkerfis sem fengið hefur athugasemdir í 3. flokki nema að undangenginni endurskoðun með staðfestingum á úrbótum.

[Vakin er athygli á að ef virkniskoðunarskýrslan inniheldur athugasemdir þá ber viðkomandi fagaðila að bregðast við og lagfæra þau atriði sem um ræðir].

Frestur til lagfæringa er sem hér segir:

1. flokkur:

Fagaðilar með gæðastjórnunarkerfi þar sem gerðar eru **fimm** eða fleiri athugasemdir í flokki 1 þurfa að láta endurskoða gæðastjórnunarkerfið hjá faggiltri skoðunarstofu eða vottunarstofu.

Gefinn er **60 daga** frestur til lagfæringa og endurskoðunar.

2. flokkur:

Fagaðilar með gæðastjórnunarkerfi þar sem gerðar eru **þrjár** eða fleiri athugasemdir í flokki 2 þurfa að láta endurskoða gæðastjórnunarkerfið hjá faggiltri skoðunarstofu eða vottunarstofu.

Gefinn er **60 daga** frestur til lagfæringa og endurskoðunar.

3. flokkur:

Endurskoðunar er krafist vegna athugasemda í 3. flokki og ekki er gefinn lengri frestur en **60 dagar** til lagfæringa á athugasemdum. Ekki er hægt að staðfesta gerð eða virkni gæðastjórnunarkerfis sem fengið hefur athugasemdir í 3. flokki nema að

undangenginni endurskoðun með staðfestingum á úrbótum hjá faggiltri skoðunarstofu eða vottunarstofu.

Gefinn er **60 daga** frestur til lagfæringa og endurskoðunar.

Ekki er hægt að staðfesta gerð eða virkni gæðastjórnunarkerfis í gagnasafn HMS fyrr en athugasemdirnar hafa verið lagfærðar.

Tilvísanir

- www.hms.is
- Lög nr. 160/2010 um mannvirki.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012
- Leiðbeiningar um gæðastjórnunarkerfi í byggingarreglugerð
- Skoðunarhandbók 9.001-1, 9.001-2 og 9.001-3
- Skoðunarskýrsla 9.002, 9.003 og 9.004
- 9.061 Hæfi faggiltra skoðunarstofa og vottunarstofa sem framkvæma skoðanir á gæðastjórnunarkerfum fagaðila
- 9.022 Umsóknareyðublað um skráningu gæðastjórnunarkerfis einstaklings

Breytingarsaga

Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á verklagsreglunni:

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
2.0	Uppfærsla frá MVS yfir í HMS	04.01.2021
2.1	Lagfæringar á texta	16.02.2021
2.2	Lagfæringar á texta	26.02.2021
2.3	Lagfæringar á texta	11.03.2021
2.4	9.022-1 Yfirlýsing á samþykki fyrirtækis tekin út	20.04.2021
2.5	Textabreyting í kafla 4.5	17.05.2021
2.6	Krafa um skil á úrbótaskýrslu 9.060 tekin út	06.02.2022
2.7	Breytingar í kafla 4.3, 4.5 og 5 innan hornklofa	29.07.2022